

Jeratún ehf.

Lykiltölur úr ársreikningum 2013 - 2017

Rekstrarreikningur	2017	2016	2015	2014	2013
Tekjur	63.454	62.403	61.356	48.151	47.058
Rekstrargjöld	-7.302	-6.216	-6.884	-5.174	-5.839
Afskriftir	-4.358	-4.343	-4.325	-4.309	-4.786
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-18.837	-22.437	-25.180	-23.983	-37.315
Hagnaður fyrir skatta	32.957	29.407	24.967	14.685	-882
Tekjuskattur	0	0	0	0	0
Hagnaður ársins	32.957	29.407	24.967	14.685	-882
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	425.085	428.059	428.933	433.259	435.552
Veltufjármunir	23.328	21.030	22.116	15.540	14.289
Eignir samtals	448.413	449.089	451.049	448.799	449.841
Eigið fé	173.542	130.585	93.178	50.211	10.527
Langtímaskuldir og skuldbindingar	222.857	265.716	305.960	343.677	385.012
Skammtímaskuldir	52.014	52.788	51.911	54.911	54.272
Eigið fé og skuldir samtals	448.413	449.089	451.049	448.799	449.811
Yfirlit um sjóðstreymi					
Handbært fé frá (til) rekstri	41.185	45.476	28.112	22.945	18.811
Fjárfestingahreyfingar	-1.384	-3.468	0	-2.045	0
Fjármögnunarhreyfingar	-36.902	-38.028	-27.194	-19.649	-16.577
Handbært fé í árslok	23.287	20.388	16.408	15.490	14.240
Kennitölur					
Veltufjárhlutfall	0,45	0,40	0,43	0,28	0,26
Eiginfjárhlutfall	38,70%	29,08%	20,66%	11,19%	2,34%

Ársreikningur Jeratúns ehf. árið 2017

Ársreikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC).

Ársreikningur Jeratúns ehf. fyrir árið 2017 var staðfestur af stjórn félagsins í dag, 21. mars 2018.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Hagnaður félagsins á árinu 2017 var 32.957 þús. kr. og í lok þess var eigið fé jákvætt sem nemur 173.542 þús. kr. skv. ársreikningi. Stjórnin mun leggja það til við hluthafafund félagsins að hlutafé verði aukið um átta milljónir króna.

Stjórn félagsins vekur athygli á áritun óháðs endurskoðanda sem er með ábendingu.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok ársins námu eftirstöðvar lána um 270 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31. júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru 63.454 þús. kr. á ársgrundvelli og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Sturla Böðvarsson, er stjórnarformaður Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.